145 þjónustusamlega skora á yður, herra póstmeistari, að greiða úr póstsjóði 100 kr. hreppsnefndinni í Bæjarhreppi og1 20 krónur Eggerti verzlunarstjóra Benediktssyni.

146 **Brjef landshöfðingja** *til bæjarfógetans í Reykjavík* **um að methylvínandi sje tollfrjáls.** — Jafnframt því að skýra frá því, að hingað hafi flutzt með póstskipinu »Laura« 5. þ. m. meðal annars 10 gallons af methylalkohol (mehylated spirits), sem haft sje til ljósmyndagjörðar, en verði alls eigi notað til drykkjar, hvorki blandað nje óblandað, og að viðtakandi sendingar þessarar, Sigfús bóksali Eymundsson, hafi færzt undan að greiða toll af henni, hafið þjer látið það álit yðar í ljósi, að eigi beri að heimta toll af áminnstum vínanda, með því hann verði eigi talinn til áfengisdrykkja, sbr. fyrirsögn tolllaganna, tilsk. 26. febr. 1872, laga 11. febr. 1876 og 7. nóvbr. 1879 »um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum«, og ráðherrabrjef 21. ágúst 1886. Og hafið þjer leitað úrlausnar minnar um það, hvort skilningur yðar í þessu efni sje rjettur.

14 oktbr.

Út af þessu er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg er á sömu skoðun og þjer um það, að innfluttar lagartegundir því að eins verði álitnar tollskyldar, þótt þær innihaldi vínanda, að þær sjeu ætlaðar til eða geti orðið notaðar til drykkjar, og að því beri eigi að heimta toll af methylvínanda, sbr. áðurnefnt ráðgjafabrjef.

147

Reikningur

yfir tekjur og gjöld landsbókasafnsins árið 1895.

	Tekjur:	Kr. a.	kr. a.
1.	Sjóður við árslok 1894:		
	a. innritunarskírteini	6600 00	
	b. 3½% ríkisskuldabrjef	800 00	
	c. í landsbankanum	42 15	
	d. í sjóði hjá gjaldkera	67 61	7509 76
2.	Vextir:		
	a. af innritunarskírteini 11/6 94—11/6 95 . . .	231 00	
	b. ríkisskuldabrjefum 11/6 94—11/6 95	28 00	
	c. af fje í landsbankanum	44 47	303 47
3.	Styrkur úr landssjóði:		
	a. til að kaupa bækur o. fl.	2500 00	
	b. til eldiviðar, áhalda o. fl.	450 00	
	c. brunabótargjald	300 00	
	d. af fje, sem ætlað er til aðstoðar við bókavörð .	100 00	3350 00
4.	Bætt við ríkisskuldabrjef upp á	. .	200 00
		Kr.	11363 23

	Gjöld:	Kr. a.	kr. a.	147
1.	Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands		2317 67	
2.	Fyrir eldivið og ílagning		217 92	
3.	Fyrir hreinsun og ræsting		57 25	
4.	Fyrir járnhlera og járnhurð		432 33	
5.	Fyrir ýmislegt		24 15	
6.	Fyrir keypt ríkisskuldabrjef með vöxtum . . .		207 34	
7.	Fyrir aðstoð við að lagfæra gömul handrit		100 00	
8.	Brunabótagjald		300 00	
9.	Sjóður við árslok 1895:			
	a. innritunarskírteini, Litr. A. Fol. 101 . . .	6600 00		
	b. $3^1/_2$% ríkisskuldabrjef Litr. E. Nr. 21830, 11601, 5326, 21811, og 1934 á 200 kr. . . .	1000 00		
	c. í landsbankanum	44 47		
	d. í sjóði hjá gjaldkera	62 10	7706 57	
		Kr.	11363 23	

Reykjavík 29. febr. 1896.
Eiríkur Briem.

Reikning þenna höfum við yfirfarið með fylgiskjölum og finnum ekkert við hann að athuga.

Björn Jensson. Þórh. Bjarnarson.

Styrkveitingar úr landssjóði.

samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1896 og 1897, 13. gr. B. VI. b. 1.

Til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum var með brjefi landshöfðingja, dagsettu 14. oktbr. 1896, veittur þessi styrkur fyrir 1896.

1.	Barnaskóla í Vestmannaeyjum . .	kr.	200 00
2.	—— í Þykkvabæ . .	—	200 00
3.	—— á Eyrarb. og Stokkseyri	—	318 00
4.	—— í Grindavík	—	167 00
5.	—— í Útskálum	—	443 00
6.	—— í Keflavík	—	143 00
7.	—— í Njarðvík	—	110 00
8.	—— á Vatnsleysuströnd .	—	200 00
9.	—— í Garðahreppi . . .	—	443 00
10.	—— í Bessastaðahreppi . .	—	200 00
11.	—— í Seltjarnarneshreppi .	—	376 00
12.	—— á Skipaskaga . . .	—	360 00
13.	—— í Ólafsvík	—	385 00
14.	—— á Sandi	—	210 00
15.	—— í Hnífsdal	—	200 00
16.	—— í Súðavíkurhreppi . .	—	130 00